

## Flugvellir 1 minnisblað vegna skiltis.

Fyrir liggur umsókn um byggingu flughermis og að reisa skilti innan byggingarreits á lóðinni Flugvellir 1. Ekki eru gerða athugasemdir við byggingu flughermis.

Skilti það sem hér um ræðir er á svæði sem samkvæmt AH 2013-2025 er skilgreint sem athafnasvæði.

Samkvæmt fyrirbyggjandi umsókn Icelandair, er hér um að ræða þrjá auglýsingafleti (þríhyrningslaga) sem hver um sig er **31,2 m<sup>2</sup>** að stærð eða samtals **93,6 m<sup>2</sup>**. Þríhyrningsform þetta er borið uppi af 2,5 m súlu. Í 5. kafla samþykktar um skilti í lögsögu Hafnarfjarðar segir:

### „SKILTI Á ATHAFNA-, IÐNAÐAR- OG HAFNARSVÆÐUM.

Á slíkum svæðum skal gera ráð fyrir einu stóru upplýstu þjónustuskilti . Skiltið skal vera staðsett á áberandi stað við aðkomu svæðisins. Skiltið skal veita upplýsingar um þá starfsemi og fyrirtæki sem eru á svæðinu. Einnig skal gera ráð fyrir minni þjónustuskiltum þegar inní hverfið er komið. Heimilt er að setja upp upplýst þjónustuskilti innan lóðar sem gefur til kynna heiti, starfsemi, vöru, þjónustu og afgreiðslutíma fyrirtækja. Stærð slíkra skilta má ekki fara yfir 6 m og heildarflatarmálið má ekki fara yfir **9 m<sup>2</sup>**.

Heimilt er að setja upp upplýst skilti á hús sem auglýsir viðeigandi verslun, fyrirtæki eða þjónustu.

Skilti sem auglýsa sölu eða leigu húsnæðis . Stærð slíkra skilta má ekki fara yfir 2 m<sup>2</sup> og skulu standa innan lóðar.

Skilti sem veita upplýsingar um nýbyggingar og breytingar eða viðgerðir á

mannvirkjum, eru staðsett á viðkomandi lóð . Stærð slíkra skilta má ekki fara yfir 2 m<sup>2</sup>.

Upplýsingaskilti á vegum Hafnarfjarðarbæjar eru leyfð á þessum svæðum og skulu standa á bæjarlandi. Þá er átt við skilti sem sett eru upp á almennum gönguleiðum og garðsvæðum . Þau skilti upplýsa um göngu- og hjólaleiðir, friðlýst svæði og fleira sem tengist svæðinu á einhvern hátt. Slík skilti mega ekki vera stærri en 3.m. Slík skilti mega vera upplýst.

Vegvísa að opinberum stofnunum má setja á ljósastaura.

Önnur skilti eru ekki leyfð á athafna-, iðnaðar- og hafnarsvæðum.“

Af ofangreindu má ljóst vera að byggingarfulltrúa er ekki heimilt að afgreiða umsókn um skilti samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum. Bent hefur verið á, að sækja má um ofangreint mannvirki með öðrum hætti svo sem, skráningu sem sjálfstæður matshluti á lóð ásamt vissum breytingum svo umsóknin lúti ekki undir „Samþykkt um skilti í lögsögu Hafnarfjarðar.“

Hafin er vinna við endurskoðun skiltareglum Hafnarfjarðar.

P.S. skipulagsfulltr.